

35. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarður 8.10. 2024, kl. 9:00

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Mættir undir lið 1. og lið 2. Skarphéðinn Smári Þórhallsson og Jónas Hafþór Jónsson og undir lið 3. Jónas Hafþór Jónsson.

Dagskrá:

1. Hönnun innviða í Hamborg
2. Starfshópur um hönnun og byggingu íbúðarhúss með áherslu á efnivið af svæðinu.
3. Byggafulltrúi
4. Samgöngumál
5. Fundargerðir:
 - a. Hengifosshópur 17.9.2024
 - b. Fundargerðir Samtaka orkusveitarfélaga 6.9.2024 og 24.9.2024
 - c. Almannaþingarnefnd 7.9.2024
 - d. Stjórnar Íslenskra sveitarfélaga 27.9.2024
 - e. Héraðsskjalasafnið 11.9.2024
6. Umhverfisstyrkur Bessastaðagerðis
7. Skýrsla sveitarstjóra
8. Önnur mál:

1. Hönnun innviða í Hamborg

Skarphéðinn Smári fór yfir verk og tímaáætlun. Sveitarstjóra falið að gera samninga við hönnuði á grundvelli framlagðrar verkáætlunar. Framkvæmdir gætu hafist vorið 2025.

2. Starfshópur um hönnun og byggingu íbúðarhúss með áherslu á efnivið af svæðinu.

Jónas Hafþór kynnti vinnu starfshópsins. Hugmyndavinna fer fram ásamt arkitekt. Skarphéðinn Smári og Jónas Hafþór véku af fundi kl. 10:15.

Jónas Hafþór kom til fundar kl: 10:35

3. Byggafulltrúi

Sveinn Þórarinsson er að láta af störfum sem byggingafulltrúi sveitarfélagsins. Jónas Hafþór mun taka við starfi byggingafulltrúa fram að áramótum.

Jónas vék af fundi kl: 10:45.

4. Samgöngumál

Helgi fór yfir helstu vegaframkvæmdir í sveitarfélaginu en þær eru eftirfarandi: Heimreið í Höllustaði og Brekkubæ. Stækkun bílastæðis við þjónustuhúsið við Hengifoss og lagfæring gönguslóða. Malbikuð heimreið að Végarði og einnig byggður upp og malbikaður 1 km inn Norðurdalsveg. Hluti af Suðurmúlavegi verður lagfærður. Einnig voru unnir 2300m³ af efni úr Keldá.

5. Fundargerðir:

a. Hengifosshópur 17.9.2024

Kynnt.

b. Fundargerðir Samtaka orkusveitarfélaga 6.9.2024 og 24.9.2024

Kynnt. Sveitarstjórn lýsir yfir vonbrigðum að fráfarandi stjórn tilnefnir ekki fulltrúa Fljóstalshrepps til stjórnarsetu, í ljósi þess að í Fljótsdal er stærsta vatnsorkuver á landinu.

c. Almannaþingarnefnd 7.9.2024

Kynnt.

d. Stjórnar Íslenskra sveitarfélaga 27.9.2024

Kynnt.

e. Héraðsskjalasafnið 11.9.2024

Kynnt.

Anna Jóna vék af fundi kl: 11:34

6. Umhverfisstyrkur Bessastaðagerðis

Samþykkt breyting á umhverfisstyrk fyrir árið 2023, sbr. tölvupóstur dags. 3. Okt. 2024.

Anna Jóna kom aftur til fundar kl: 11:36

7. Skýrsla sveitarstjóra

Farið yfir helstu mál.

8. Önnur mál:

Stefnt er á vinnufundi sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlun næstu 3ja ára verði síðustu vikuna í október. Íbúafundur um fjárhagsáætlunina er fyrirhugaður seinnipartinn í nóvember.

Fundi slitið kl: 12:29.

Halla skrifaði fundagerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson

Lárus Heiðarsson oddviti